

BORGARRÁÐ 18. apríl 2024: Fyrirspurn á heyrnarfulltrúa Flokks fólksins um vinkæli og ókeypis gosdrykki - MSS24040166

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvort það sé rétt sem fullyrt hefur verið af heimildarmönnum að vinkælir sé til staðar á upplýsingatækniskrifstofu þjónustu og nýsköpunarsviðs á 5. hæð í Borgartúni í rými sem lengi vel gekk undir nafninu Vínstofan en hefur nýlega verið breytt í Bríetarstofa, hvort sem er í innréttingum eða á öðrum stöðum í húsakynnum sviðsins. Einnig vill fulltrúi Flokks fólksins fá úr því skorið með formlegum hætti hvort starfsfólki sviðsins hafi staðið til boða frítt gos úr kæli. Ef svo er, þá óskar fulltrúinn eftir því að fá að vita yfir hvað langt tímabil þau hlunnindi hafa verið til staðar. Í svari borgarfulltrúa meirihlutans varðandi ofangreint á borgarstjórnarfundi 9. apríl, kom fram að þetta hafi verið kannað hjá sviðinu og ekkert sé hæft í því að vinkælir sé eða hafi verið í húsakynnum sviðsins - né það að starfsfólki hafi staðið til boða frítt gos. Ef fulltrúar meirihlutans halda því enn fram að ekkert sé hæft í þessu óskar fulltrúi Flokks fólksins eftir að fá nánari skýringu á því hvað sviðið var að kaupa af Ölgerðinni fyrir 1,3 milljónir yfir 9 mánaða tímabil árið 2023.